


VÍSINDA- OG FRÆÐSLUDAGUR

20. maí 2026 kl. 12:30 – 16:00

Kynning á erindum og fyrirlesurum

Beinþýpning: Fyrstu íslensku verklagsleiðbeiningar um meðferð og eftirfylgd

Þetta eru fyrstu íslensku leiðbeiningar sem hafa verið gerðar sem snýr að meðferð og eftirliti sjúklinga sem greindast með beinþýpningu. Til eru nokkrar erlendar leiðbeiningar en þær eru margar hverjar mjög ítarlegar, langar og flóknar. Þær innihalda einnig margar hverjar lyf sem ekki eru fáanleg á Íslandi. Ákvað því að búa til verklagsreglur og leiðbeiningar og aðlaga að Íslandi til að lækna geti nýtt sér þær í daglegu starfi og einfaldað ákvarðanatöku þegar sjúklingar greinast með beinþýpningu.



Benedikt Halldórsson, sérnámslæknir HSN



Fyllt í skarðið: Störf sérfræðinga í hjúkrun í dreifbýlisheilsugæslu

Erindi fjallar um þær áskoranir sem dreifbýlisheilsugæsla stendur frammi fyrir á heimsvísu og hvernig hægt er að nýta sérfræðinga í hjúkrun til þess að mæta þeim áskorunum.

Jóna Ósk Antonsdóttir, hjúkrunarfræðingur HSN

Áhrif teymisvinnu á líðan starfsfólks HSN Akureyri

Tilgangur rannsóknarverkefnisins er að kanna hvort innleiðing teymisvinnu samkvæmt HAK-módelinu hafi haft áhrif á líðan starfsfólks HSN.

Notast er við spurningalista og kannanir á vegum heilsueflandi verkefnisins sem og þjónustukannanir síðustu ára. Vikulegar fundargerðir frá stýrihóp teyma nýttar til að kortleggja helstu áskoranir við innleiðingu.



Arna Reynisdóttir, sérnámslæknir HSN




Reynsla sona af því að eiga og annast móður á hjúkrunarheimili og þarfir þeirra fyrirfræðslu og stuðning.

Erindi þar sem farið er yfir aðferð og niðurstöður eiginlegra rannsókna sem hafði það markmið að gefa fullorðnum sonum rödd og kanna reynslu þeirra af umönnunarsambandi við móður sínar á hjúkrunarheimili, með sérstakri áherslu á stuðnings- og fræðsluþarfir þeirra.

María Finster, hjúkrunarfræðingur HSN

Þverfagleg teymisvinna á heilsugæslu – Áskoranir og tækifæri

Erindi þar sem farið er almennt yfir þverfaglega teymisvinnu á heilsugæslu, uppbyggingu og innleiðingu á teymisvinnu, áskoranir og tækifæri sem heilbrigðisstarfsfólk stendur frammi fyrir í slíkri vinnu, ávinningur af teymisvinnu á heilsugæslu og hlutverk hjúkrunarfræðinga í teymisvinnu.



Hildur Ósk Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur HSN



Áhrif næringarmeðferðar á aldraða einstaklinga eftir útskrift heim af spítala

Berglind S. Á. Blöndal næringarfræðingur segir frá doktorsverkefni sínu og helstu niðurstöðum.

Berglind Soffía Ásbjörnsdóttir – næringarfræðingur HSN

VÍSINDA- OG FRÆÐSLUDAGUR

20. maí 2026 kl. 12:30 – 16:00

Kynning á erindum og fyrirlesurum

Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu, á upptökusvæði HSN á árunum 2020–2022

Geðlyfjanotkun kvenna á meðgöngu (2020–2022). Rannsóknin kannar algengi og eðli geðlyfjanotkunar meðal kvenna sem fæddu á Sjúkrahúsinu á Akureyri á árunum 2020–2022. Markmiðið er að auka þekkingu á andlegri heilsu mæðra á meðgöngu og skoða hvort lyfjanotkun hafi áhrif á líðan þeirra eftir fæðingu eða heilsu nýbura.



Auður Jóna Einarsdóttir og Helga Hansdóttir, sérnámslæknar HSN

Leiðin að doktorsgráðu


Elín Arnardóttir fyrsti doktor í hjúkrunarfræði frá HA og fyrsti starfandi á HSN segir frá vegferðinni, helstu áskorunum og lærdómi.



Elín Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur HSN

Bætt aðgengi að árangursríkri sálfræðipjónustu við kvíða, þunglyndi og áföllum

Stöðu yfirsálfræðings var komið á fyrir 10 árum. Upp frá því hófst innleiðing á sálfræðipjónustu fyrir almenning í samræmi við geðheilbrigðisáætlun 2016/2020. Farið verður yfir uppbyggingu þjónustunnar s.l. áratug og hvar stöndum við nú.



Jónas Björgvinsson, sálfræðingur HSN

Heilsueflandi vinnustaður - innleiðing á HSN

Verkefni sérnámslækna í heimilislækningum sem snerist um að innleiða heilsueflandi vinnustað á Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Spurningakannanir, varðandi líðan og streitu í vinnu, voru lagðar fyrir starfsfólk á heilsugæslunni á Akureyri, fyrir og eftir innleiðingu. Niðurstöður verða kynntar hér.



Hilda Hrönn Guðmundsdóttir og Íris Þengilsdóttir, sérnámslæknar HSN

Stafræn heilsa

Fyrirlesturinn fjallar um uppbyggingu og fyrstu skref Stafrænnar heilsu og hvernig unnið er að því að efla stafræna innviði heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Farið verður yfir helstu áhersluverkefni, samstarf við lykilhagaðila og hvernig unnið er að samræmingu gagna, stafrænum þjónustum og auknu aðgengi fyrir notendur. Þar sem starfsemin er á mjög fyrstu stigum og þróunin hröð er líklegt að áherslur og verkefni taki breytingum á næstu misserum.



Arnar Bergþórsson, staðgengill forstöðumanns Stafræn heilsa

Tækifæri í þróun á þjónustu með tæknina að vopni - Pallborðsumræður

Arnar Bergþórsson - staðgengill forstöðumanns, Stafræn Heilsa, Heilbrigðisráðuneytið

Árni Kár Torfason - forstöðumaður upplýsingatæknimála, HSN

Sigríður Dagný Þrastardóttir - deildarstjóri ritara og heilbrigðisgagnafræðinga, HSN

Helga Margrét Jóhannesdóttir - yfirhjúkrunarfræðingur svæðis, Blönduósi HSN

Jón Halldór Hjartarson - læknir